

Nd.

73. Nefndarálit

um frumv. til laga um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin öll er á einu máli um það, að frumv. þetta sje til bóta, því að laun hreppstjóra hafa hingað til verið alt of lág og eru nú orðin óhæfilega lág, jafnvel þótt miðað sje við venjulegt gildi peninga. Við ákvæði frv. um upphæð hinna föstu launa og við hvað þau skulu miðuð, hefir nefndinni eigi þótt neitt að athuga, en þykir rjett að geta þess, að hún gengur út frá, að meðan 2 hreppstjórar eru í Vestmannaeyjum fái hver þeirra um sig full laun eftir fólksfjölda í eyjunum, enda munu nú íbúar þar vera orðnir svo margir, að helmingur þeirra nái lágmarkstölu 1. fl. laganna.

Þótt nefndin sje í aðalatriðunum fylgjandi frv., hefir hún þó komið sjer saman um að gera nokkrar breytingartillögur við það, og verða þær tillögur tilfærðar hjer á eftir og mun verða gerð grein fyrir þeim í framsögunni. Þykir því eigi nauðsyn á að fara frekara út í þær hjer. Að eins skal þess getið, að nefndin leggur það til, að inn í frumv. verði bætt nýrri grein, sem verður 13. gr., um borgun fyrir eftirrit úr opinberum bókum, með því að borgun fyrir þau er nú orðin óhæfilega lág.

Nefndin leggur því til, að frumv. verði samþ. með þessum

BREYTINGUM:

1. 2. málsgr. 4. gr. orðist svo:

Þurfi hreppstjóri að ferðast frá heimili sínu 10 kílómetra eða minna á landi, eða 5 kílómetra á sjó eða minna, skal greiða honum 1 kr. í ferðakostnað fyrir alt að 10 kílómetrum á landi eða alt að 5 kílómetrum á sjó. Ef hreppstjóri þarf að fara meiri vegalengd, greiðist honum hlutfallslega sama þóknun fyrir þá vegalengd, sem umfram er. Þóknun þessa skal reikna eftir samantlagðri vegalengd fram og aftur, en má ekki fara fram úr 6 kr. fyrir hvern sólarhring. Sje hreppstjóri burtu frá heimili sínu meira en sólarhring, fær hann 25 au. í ferðakostnað fyrir hverja klukkustund. Ferðakostnaður greiðist því að eins hreppstjóra, búsettum í kaптúni eða þorpi, að hann þurfi að fara út úr kaптúninu eða þorpinu.

2. 7. gr. orðist svo:

Haldi hreppstjóri í umboði sýslumanns uppboð, falla uppboðslaunin til hans óskift, sjeu þau ekki hærri en 16 kr., en fari þau fram úr því, rennur það, sem umfram er, til landssjóðs. Auk þess greiðist hreppstjóra ferðakostnaður samkv. 4. gr.

3. Orðin í 9. gr.:

»Í málum, sem ekki nema 50 kr., skal að eins greiða helming þessa gjalds« falli burt.

4. 1. málsg. 10. gr. orðist svo:

Fyrir úttekt á jörðu greiðist hverjum úttektarmanni 4 krónur, auk ferðakostnaðar, eftir reglunum í 4. gr. Fyrir skoðunar- eða matsgerð á fasteign, í hvaða tilgangi sem sú gerð fer fram, skal greiða hverjum skoðunar- eða virðingarmanni eftir fjárhæð matsgerðarinnar:

5. Inn í frumv. komi ný grein, sem verður 11. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatalan eftir því:

Landskiftamönnum skal greiða 4 kr. á dag hverjum, auk ferðakostnaðar samkv. 4. gr.

6. Fyrir »gjaldinu« í niðurlagi 2. málsg. 12. gr. komi:

því.

7. Inn í frumv. komi ný 14. gr, svo hljóðandi, og breytist greinatalan eftir því.

Fyrir eftirrit þau, er ræðir um í 3. gr. laga nr. 2, 2. febr. 1894, svo og fyrir önnur eftirrit, sem einstakir menn biðja um úr embættisbókum eða skjalasöfnum embætta, skal greiða 1 kr. fyrir hverja ör, en hálf ör eða minna 50 aura.

Alþingi, 11. júlí 1917.

Einar Arnórsson,
formaður.

Magnús Guðmundsson,
ritari og framsögumaður.

Einar Árnason. Einar Jónsson. Pjetur Ottesen.

Fjárveitinganefndin samþykk.

Neðri deild, 12. júlí 1917.

Pjetur Jónsson.

Bjarni Jónsson
frá Vogu.